

138. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands

Haldinn að Austurvegi 56, mánudaginn 5. febrúar kl. 13:00

Mætt. Elva Dögg Þórðardóttir, Ólafur Áki Ragnarsson, Örn Þórðarson, og Guðmundur Tryggvi Ólafsson sem ritaði fundargerð.

1. Meðhöndlun sláturúrgangs.

S.S og Reykjagarður hafa keypt Förgun ehf. Móttaka á sláturúrgangi mun væntanlega hefjast í lok vikunnar. Aðrir sláturleyfishafar geta losað sláturúrgang í verksmiðjunni gegn gjaldskrá. Niðurstaðan er ekki í samræmi við upphaflegt verkefni undirbúningshóps um meðhöndlun sláturúrgangs, framkvæmdastjóra falið að kalla saman undirúningshóp og ljúka verkefninu.

2. Deiliskipulag á Kirkjuferjuháleigu.

Deiliskipulagstillaga fyrir Kirkjuferjuháleigu hefur verið auglýst og þar með tekið gildi.

3. Sameiginleg svæðisáætlun.

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu verkefna.

4. Söfnun pappírs og slétts pappá á Suðurlandi.

Ákveðið að framkvæma líferilsgreiningu á meðhöndlun pappírs og slétts pappá á Suðurlandi. Niðurstaða slíkrar greiningar sker úr um umhverfislegan ávinning vegna flokkunar og endurvinnslu. Sorpstöð Suðurlands mun þar af leiðandi verða fyrst sorpsamлага til að nýta sér þessa aðferðafræði við ákvörðunartöku á sviði úrgangsstjórnunar.

5. Gjaldskrá 2007.

Gjaldskrá 2007 lögð fyrir og staðfest. Gjaldskráin var hækkuð um 5% í samræmi við ákvörðun ársþings SOS.

6. Ársreikningur 2006.

Ársreikningur 2006 lagður fram til kynningar.

7. Sorpmagn 2007.

Sorpmagn til urðunar á Kirkjuferjuháleigu var 20.841 tonn á árinu 2006 sem er 1,3 % aukning frá árinu 2005. Sorp frá sveitarfélögunum eykst um 6.6 % en ómeðhöndlaður sláturúrgangur minnar mikið.

8. Önnur mál.

- Riðusmitaður úrgangur.

Ákveðið að boða til fundar með fulltrúa umhverfisstofnunar og landbúnaðarstofnunar um málið.

Fundi slitið kl 14:55.

Bls 18